



Svar við fyrirspurn

Efni: Fjöldi þeirra sem ekki njóta þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, dags. 2. apríl 2020, sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 18. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn um fjölda þeirra sem ekki njóta þjónustu Reykjavíkurborgar eða fyrirtækja í hennar eigu vegna vanskila. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Eru einhverjir núna með lokað á þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila? Ef svo er hversu margir borgarbúar eru það og/eða heimili í Reykjavík? Hér er t.d. verið að tala um þjónustu frá Veitum sem koma rafmagn og hita til viðskiptavina en ef reikningar hafa ekki verið greiddir í ákveðið langan tíma getur verið lokað á hita og rafmagn. Það er mikilvægt að ganga úr skugga um að enginn í borginni sé án nauðsynlegrar þjónustu og sérstaklega á tímum sem þessum. Fulltrúi sósíalista er meðvituð um verklagsreglur borgarinnar sem miða að því að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu á skóla- og frístundasviði vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra en eru einhver börn sem geta ekki fengið samþykka þjónustu vegna skuldavanda foreldra sem á eftir að greiða úr? Hér er þetta nefnt sem dæmi. Fulltrúi sósíalista vill undirstrika mikilvægi þess að enginn verði án mikilvægrar grunnþjónustu vegna vanskila sem hafa komið til áður en Covid-19 faraldurinn skall á.“

Svar:

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur leitað upplýsinga hjá þeim fagsviðum sem veita gjaldskylda þjónustu innan borgarinnar svo sem hjá velferðarsviði, skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði auk Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki er um tæmandi talningu að ræða en ákveðið var að kanna hvernig staðið væri að málum þar sem gjaldskylda þjónustan er hvað mest innan borgarinnar.

Í svari OR kemur fram að lokað sé fyrir rafmagn hjá samtals 8 einstaklingum, miðað við stöðuna þann 22. júní sl. Hvergi er lokað fyrir heitt vatn hjá einstaklingum og engin tenging ljósleiðara var lokuð á þeim tíma er úttektin fór fram í júnímánuði. Þá kemur fram í svarinu að markmið fyrirtækja OR sé ætíð að hjálpa viðskiptavinum að komast út úr vanskilum með samkomulagi og greiðsludreifingu.

Í svari velferðarsviðs kemur fram að engar lokanir séu á þjónustu hjá velferðarsviði vegna vanskila. Velferðarsvið tekur fram að þeir sem eru í vanskilum fái áfram veitta þjónustu og að leitað sé lausna á vanskilum með viðkomandi aðila.

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að þetta eigi ekki við um þjónustu sviðsins. Gjaldskyld þjónusta er ekki í svokallaðri áskrift heldur eru gjöld greidd þegar eða áður en þjónustan er veitt.

Í svari skóla- og frístundasviðs kemur fram að samkvæmt reglum frístundaheimila og leikskóla er þjónusta bæði sagt upp vegna vanskila en einnig geta ný börn ekki fengið þjónustu ef umsækjandi, og skráður greiðandi, er ekki búinn að greiða eða semja um vanskilin. Þetta á hvort tveggja við um leikskólavistun og innritun í frístundaheimili. Ekki eru til tölur um sumarfrístund þ.e. hversu mörg börn hafi ekki fengið þjónustu það sem af er sumarstarfi vegna vanskila. Nokkrir greiðendur hafa verið að greiða vanskil eða gera samninga um vanskil til að börn þeirra komist inn á sumarnámskeið. Öllum foreldrum sem fá uppsögn vegna vanskila á leikskólagjöldum og sem ekki koma barni inn í sumar- eða vetrarfrístund vegna vanskila fá eftirfarandi upplýsingar:

„Samkvæmt verklagsreglum, sem samþykktar voru í borgarstjórn 17. desember 2013, sem eiga að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra/forsjáraðila þá er þér/ykkur bent á að leita aðstoðar hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í þínu/ykkar hverfi. Þegar pantaður er tími hjá félagsráðgjafa frestast uppsögn til þess að hægt sé að vinna í málinu og leita lausna en fresturinn getur að hámarki verið þrjú mánuði. Til þess að uppsögn verði frestað þarf að óska sérstaklega eftir að staðfesting frá þjónustumiðstöð um pantaðan tíma sé send innheimtustjóra skóla- og frístundasviðs. Ef ekki er mætt í bókaðan tíma hjá félagsráðgjafa þá tekur uppsögn skv. bréfi þessu þegar gildi.“

Þann 22. júní sl. voru 39 í uppsagnarferli, samkvæmt skóla- og frístundasviði, og höfðu frest til 1. ágúst sl. til að ganga frá greiðslu eða semja um vanskil. Hluti af þessum einstaklingum eru ekki með börn sem fara í leikskóla í haust og verða því ekki af þjónustu vegna vanskila. Verði gjöldin ekki greidd hjá þeim einstaklingum sem ekki njóta áframhaldandi þjónustu í leikskóla mun krafan send í innheimtu og er því ekki verið að hafna vistun vegna vanskilanna.

Núverandi staða er þannig að foreldrar/forráðamenn átta barna sem hafa fengið boð um leikskólavistun í haust þurfa að ganga frá vanskilum leikskólagjalda eða semja um þau svo að barnið fái notið þjónustunnar. Einnig fengu foreldrar sjö barna ítrekun á uppsögn og í þeim tilfellum höfðu foreldrar frest til næstu mánaðamóta til að ganga frá vanskilum. Í þessum tilfellum hafa foreldrar áður fengið uppsögn, gert samning og síðan ekki staðið við þann samning.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að ekki voru sendar út uppsagnir í mars, apríl og maí sl. frá skóla- og frístundasviði. Þá má benda á að samkvæmt hinum nýju tímabundnu innheimtureglum Reykjavíkurborgar er hægt að sækja um allt að þriggja mánaða gjaldfrest á hvaða þjónustugjöldum sem er hjá Reykjavíkurborgar en einnig hefur verið lengt í gjalddögum vegna fasteignagjalda svo fátt eitt sé nefnt, til að koma til móts við þá sem eru í greiðsluferðileikum.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*